

Geðsvið Landspítala 2013

Ávarp framkvæmdastjóra geðsviðs



María Einisdóttir
framkvæmdastjóri geðsviðs

Ágæta samstarfsfólk

Árið 2012 hófum við á geðsviði vinnu með svokölluð lykilverkefni. Fyrsta lykilverkefnið var af stærri gerðinni þ.e. að breyta einni móttökugeðdeild sviðsins í bráðageðdeild. Hópstjóri þess lykilverkefnis var Eyrún Thorstensen. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar hitti Páll

Matthíasson alla starfsmenn, lét vita af vinnunni og fékk innlegg og tillögur frá starfsmönnum til að nýta í lykilverkefninu.

Í fyrra bættust við fjögur ný lykilverkefni:

1. Virkni og meðferð á móttökudeildum, hópstjóri Magnús Haraldsson
2. Skilvirkt flæði, hópstjóri Helga Sif Friðjónsdóttir
3. Greining og meðferð, hópstjóri Halldóra Ólafsdóttir
4. Öryggis- og gæðamál, hópstjóri Guðlaug Þorsteinsdóttir

Mikil vinna hefur verið lögð í lykilverkefnin undanfarið ár og árangurinn hefur verið eftir því, við getum því stolt lítið um öxl. Hópstjórnir hafa haldið vel utan um starfið og vinnan hefur verið gjöf, margir hafa lagt hönd á plóg og góð stemning verið í hópunum, sem skiptir öllu máli. Sem fyrr hafa starfsmenn sviðsins komið með ábendingar og innlegg til að tryggja sem best árangur og framgang lykilverkefna.

Meðferðarframboð hefur aukist og sama má segja um virkni sjúklinga á deildum. Við vinnum sameiginlega í því að bæta flæði og lean-væða starfsemina eins og hægt er, í anda stefnu spítalans. Segja má að við séum fremst meðal jafningja þegar kemur að innleiðingu á lean vinnubrögðum innan spítalans. Þá er unnið markvisst að bættum gæðum og auknu öryggi, við ætlum einnig að efla greiningarvinnu og fjölga

meðferðarúrræðum á sviðinu.

En hver eru næstu skref? Stefna geðsviðs lá nokkuð ljós fyrir þegar ég stökk óvænt inn í starf framkvæmdastjóra í október 2013. Stefnan hverfist um áður nefnd lykilverkefni, en auk þeirra eru tvö ný lykilverkefni í burðarliðnum:

1. Teymisvinna, hópstjóri Magnús Haraldsson
2. Batastefna, hópstjóri Diana Liz Franksdóttir

Spyrja má af hverju teymisvinna og batastefna fái sess lykilverkefna umfram önnur verðug verkefni sem fyrir okkur liggja?

Byrjum á teymisvinnunni. Teymisvinna eða öllu heldur skortur á henni hefur verið áberandi stef í öllum lykilverkefnunum hingað til. Skilgreining á hugtakinu er á reiki. Skortur er á þjálfun starfsfólks í teymisvinna og bæta þarf samráð og samvinnu. Á sviðinu eru til mjög vel starfandi teymi, við þurfum að greina þá vinnu og miðla þeirri þekkingu og reynslu til allra sem hjá okkur starfa.

Þess má geta að efling teymisvinnu er áherslupáttur í nýrri starfsáætlun Landspítala. Auk þess sýna rannsóknir að öflug teymisvinna bætir bæði starfsanda og þjónustu við sjúklinga.

Batastefna eða Recovery model er hugmyndafræði sem m.a. er leiðarstef í geðheilbrigðisstefnu Breta og fleiri lönd í kringum okkur eru að nýta sér batastefnuna í æ ríkari mæli. Með því að gera batastefnu að hugmyndafræði geðsviðs gefum við skýr skilaboð um það hvert við ætlum að stefna.

Vegferðin í tengslum við batastefnu á geðsviði hófst fyrir tæpum tveimur árum og var Hjalti Einarsson fenginn sem verkefnastjóri, hans hlutverk var að kortleggja hugmyndafræðina og auka skilning okkar á henni. Þetta verkefni hefur heldur betur fengið byr og hefur m.a. verið innleitt á almennu endurhæfingargeðdeildinni á Kleppi og þar hefur Bataskólinn tekið til starfa, en skólastjóri hans er Ágústa Björg Kristjánsdóttir.

Opnun bráðageðdeilda haustið 2013 fól í sér aukna sérhæfingu, ekki bara á bráðageðdeildinni heldur ekki síður á hinum móttökudeildum sviðsins. Það verkefni gekk ótrúlega vel með dyggri aðstoð öflugra kvenna sem standa á bak við átakið "Á allra vörum" og frábærri samvinnu starfsfólks þegar deildin lokaði alveg eða að hluta til í þriggja vikur á rúmlega 7 mánaða tímabili, árið 2013 og fyrri hluta 2014, til að hægt væri að gera viðeigandi endurbætur á húsnæðinu. Álagið var gífurlegt en allir lögðust á eitt. Það var ánægjulegt að sjá samvinnu móttökudeildanna þriggja innbyrðis en ekki síður samvinnu Hringbrautar og endurhæfingardeildanna. Áralagið var samstillt og óhætt er að fullyrða að starfsmenn hafi unnið í anda gilda spítalans. Fagmennska var einkennandi fyrir verkefnið sem og umhyggja fyrir sjúklingum og hagsmunir sjúklinganna voru alltaf hafðir að leiðarljósi í þessu mikilvæga framþróunarverkefni þar sem öryggi starfsmanna og ekki síður sjúklinga var ein mikilvægasta hönnunarforsenda við endurnýjun húsnæðisins og í verkefninu sjálfu. Þetta var ákveðinn prófsteinn á liðsheildina og við stóðumst prófið með glans.

Við höldum ótrauð áfram í átt að þeirri framtíðarsýn að efla þjónustuna í anda bestu leiða með aðferðum lean. Lykilverkefnin eru okkar leið til að greina og vinna betur í því sem við viljum styrkja í starfsemi geðsviðs í þágu sjúklinga okkar og í anda gilda spítalans.

Eitt af áherslumálum nýs forstjóra, Páls Matthíassonar, er að bæta starfsánægju á Landspítala. Valið á nýju lykilverkefnunum rímar ágætlega við það markmið. Samkvæmt rannsóknum hefur bætt teymisvinna skilað sér í aukinni starfsánægju sem og innleiðing batastefnu á geðdeildir. Aðalmálið er auðvitað að afrakstur lykilverkefna undanfarin misseri hefur skilað sér í bættri þjónustu við skjólstæðinga okkar og stefnan er að lykilverkefnin framundan geri það líka.

Hópstjórar lykilverkefna geðsviðs



Diana Liz Franksdóttir



Eyrún Thorstensen



Guðlaug Þorsteinsdóttir



Halldóra Ólafsdóttir




Helga Sif Friðjónsdóttir



Linda Björk Loftsdóttir



Magnús Haraldsson



Sigríður Edda Hafþeng

Lykilverkefni geðsviðs

Lykilverkefnið “Bráðageðdeild”

- » Fyrsta formlega lykilverkefni geðsviðs
- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2012
- » Hópstjóri: Eyrún Thorstensen
- » Lean þjálfari: Guðfinna Bjarnadóttir
- » Markmið verkefnis:
 - * Bæta þjónustu við veikustu og mest krefjandi sjúklingana
 - * Auka svigrúm á hinum deildunum til aukinnar og bættrar þjónustu
 - * Aukið öryggi sjúklinga og starfsmanna
- » Staða verkefnis:
 - * Útskrifað sem lykilverkefni í mars 2014
 - * Formleg opnun bráðageðdeilda 30. maí 2014

Lykilverkefnið “Virgkni og meðferð á móttökugeðdeildum”

- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2013
- » Hópstjóri: Sigríður E Hafberg (Magnús Haraldsson var hópstjóri fram í apríl 2014)
- » Lean þjálfari: Linda Björk Loftsdóttir
- » Markmið verkefnis:
 - * Að auka gæði meðferðar og gera hana markvissari
 - * Gera meðferðaráætlun og virkniprógram í samráði við hvern sjúkling
 - * Að auka framboð skipulagðrar virkni á deildum og aðgang að hópfræðslu
- » Staða verkefnis:
 - * Hópfræðsla hófst 24. febrúar. Alla virka daga milli 14:45-15:00
 - * Slökun hófst 24. mars. Alla virka daga milli 11:00-11:20
 - * Gönguferðir hófust 28. apríl. Alla virka daga kl. 12:30
 - * Vinna við vinnulýsingu tengla og meðferðaráætlun sjúklinga í gangi

Lykilverkefnið “Skilvirkt flæði”

- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2013
- » Hópstjóri: Helga Sif Friðjónsdóttir
- » Lean þjálfari: Linda Björk Loftsdóttir
- » Markmið verkefnis:
 - * Auka skilvirkni flæðis sjúklinga milli bráða-, móttöku-, endurhæfingar- og göngudeilda
- » Staða verkefnis:
 - * Kortlagning megin ferla og áskorana í skilvirku flæði sjúklinga innan geðsviðs að mestu lokið
 - * Rafrænar biðlistar – einungis 20% biðlista gefa stjórnendum og starfsfólki rétta mynd af þeim fjölda sem biður eftir meðferð. Umbótaverkefni farið af stað í tengslum við biðlista og skráningu
 - * Tillögur að lausnum mótaðar og kynntar á uppskeruhátíð lykilverkefna 22. maí

Lykilverkefnið “Öryggis- og gæðamál”

- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2013
- » Hópstjóri: Guðlaug U Þorsteinsdóttir
- » Lean þjálfari: Guðlaug U Þorsteinsdóttir
- » Markmið verkefnis:
 - * Endurskoðun á verklagi varnarteymis

- * Þróun álags- og rauntímamæla á geðsviði
- * Endurskoðun á verkferlum um gátir og eftirlit á deildum

» Staða verkefnis:

- * Prófun á endurskoðuðu verklagi varnarteymis er í gangi
- * Rauntímamælar eru í þróun og prófun á legudeildum við Hringbraut
- * Endurskoðað verklag varðandi gátir á geðsviði er tilbúið. Það verður prófað á öllum legudeildum Hringbrautar, áður en innleiðing verður lögð til. Stefnir er að því að forprófun geti hafist í maí

Lykilverkefnið “Greining og meðferð”

- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2013
- » Hópstjóri: Halldóra Ólafsdóttir
- » Lean þjálfari: Linda Björk Loftsdóttir
- » Markmið verkefnis:
 - * Kortlagning greiningar- og meðferðarvinnu á geðsviði og tillögur til úrbóta
- » Staða verkefnis:
 - * Kortlagning á greiningarferlum er að ljúka og úttekt á meðferðarúrræðum hafin
 - * Fyrstu niðurstöður:
 - Meðferð byggir ávallt á gagnreyndum aðferðum og sé í samræmi við klínískar leiðbeiningar
 - Meðferð byggir á vandaðri uppvinnslu, greiningu og kortlagningu vandans
 - Kjarni meðferðar verði á dag- og göngudeildum
 - Stigaskipt meðferð - Einfeldari úrræði séu fullreind áður en flóknari (og kostnaðarsamari) úrræði eru boðin/prófuð

Lykilverkefnið “Teymisvinna”

- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2014
- » Hópstjóri: Magnús Haraldsson
- » Lean þjálfari: Lean þjálfarar á geðsviði
- » Markmið verkefnis:
 - * Efling teymisvinnu á geðsviði - Efling teymisvinnu er hluti af nýrri starfsáætlun Landspítala
- » Staða verkefnis:
 - * Samsetning lykilverkefnahóps í gangi
 - * Gagnaöflun

Lykilverkefnið “Batastefna”

- » Sett af stað sem lykilverkefni árið 2014
- » Hópstjóri: Dána Liz Franksdóttir
- » Verkefnastjóri: Hjalti Einarsson
- » Lean þjálfari: Lean þjálfarar á geðsviði
- » Markmið verkefnis:
 - * Innleiðing batastefnu á geðsviði. Batastefna verði hluti af lykíl hugmyndafræði geðsviðs
- » Staða verkefnis:
 - * Samsetning lykilverkefnahóps í gangi
 - * Ágústa Björg Kristjánsdóttir ráðin skólastjóri Bataskólans
 - * Gagnaöflun

Hvað er Lean?

Lean eða straumlinustjórnun er hugmyndafræði sem á uppruna sinn í bilaverksmiðjum Toyota. Á síðasta áratug hefur straumlinustjórnun verið innleidd í heilbrigðisþjónustu víða um heim. Þeir spítalar í Evrópu og Bandaríkjunum sem Landspítali vill miða sig við vinna að ferlaþróun með aðferðarfræði Lean Healthcare og hafa náð miklum árangri á síðustu árum.

Lean eða straumlinustjórnun er aðferða- og hugmyndafræði sem vinnur markvisst að því að minnka soun í ferlum og auka þannig öryggi og gæði í þjónustu spítalans og bæta rekstur.

Sjúklingurinn er í öndvegi og allir starfsmenn hvattir til að vinna að stöðugum umbótum í starfi sínu og starfsumhverfi.

Um þriðjungur alls starfsfólks geðsviðs hefur tekið þá í Lean verkefnum á liðnum tveimur árum. 70% stjórnenda á geðsviði hafa tekið þátt í Lean verkefnum.

Hvað er Kaizen?

Eitt af því sem einkennir menningu fyrirtækja sem náð hafa góðum tökum á Lean eru svokölluð Kaizen – en Kaizen er japanskt hugtak og merkir stöðugar umbætur, að gera einfaldar, litlar, stöðugar endurbætur sem þurfa ekki að kosta mikið en leiða til aukinna gæða og/eða framleiðni.

Afmarkaður hluti af ferli eða tiltekið vandamál er tekið til úrlausnar á einum degi. Greining á ferlinu / vandanum hefur verið gerð fyrir kaizen vinnustofu, en á vinnudeginum er unnið að orsakagreiningu og lausnum, sem prófaðar eru að vinnudegi loknum.

Kaizen verkefni á geðsviði:

- » Bráðageðdeild – Rapport og teymisvinna
- » Bráðageðdeild – Prógrömm sjúklinga

Hvað er 5S?

5S er eitt af verkfærum Lean og gengur út á að halda vinnuumhverfinu hreinu, skipulögðu, öruggu og án óþarfa, þannig að það styðji við vinnuna en leggi ekki auknar byrðar á starfsfólk.

S-in fimm standa fyrir: Sortera, staðsetja, snyrta, staðla og styðja.

5S verkefni á geðsviði:

- » 38 herbergi á geðsviði hafa verið yfirfarin með aðferðarfræði 5S.

Vísindi og menntun

Félagsráðgjöf

Megináhersla er á að skoða gæði þjónustu sem sjúkrahúsið veitir, meðal annars viðhorf og reynslu varðandi andlega, líkamlega og sálfélagslega þætti í meðferð og endurhæfingu. Mikil áhersla er á þróun fjölskylduvinnu með gagnreyndum aðferðum og mat á árangri þess að vinna með umhverfi og aðstandendum sjúklings. Í innlendum tímaritum voru birtar þrjár vísindagreinar, ein í erlendu tímariti og einn kafli ritaður í innlenda bók. Meistararannsóknir voru tvær. Samtals leiðbeindu félagsráðgjafar á geðsviði 12 meistaranemum í starfsþjálfun. Í meistaranámi nú eru fjórir félagsráðgjafar á sviðinu.

Geðlæknisfræði

Alls voru 13 deildarlæknar við nám í geðlækningum á geðsviði á árinu. Einn þeirra er í doktorsnámi, Guðrún Dóra Bjarnadóttir, við læknadeild Háskóla Íslands. Gagnaöflun og greinaskrif hafa gengið vel og hlaut hún árið 2013 í annað sinn styrk fyrir unga rannsakendur í klínisku starfi á Landspítala. Guðrún Dóra og Oddur Ingimarsson sóttu um og var úthlutað rannsóknarmánuðum í sérnámsþrógrammi námslækna. Slíkir mánuðir voru nú í boði í fyrsta sinn, en hafa áður verið í boði sem þáttur í framhaldsnámi á sumum öðrum sviðum Landspítala, svo sem á lyflækningasviði. Nanna Briem var áfram umsjónarmaður framhaldsnáms sérnámslækna. Erik Eriksson geðlæknir kom einnig að skipulagi námsins eftir að hann sneri heim að loknu sérnámi í London um mitt ár. Sérnámslæknar frá Gautaborg sóttu okkur heim í ágústlok, kynntu sitt þrógramm og kynntu sér um leið þrógramm Landspítala. Námslæknar þreyttu sem fyrr staðlað amerískt próf, PRITE, í október, líkt og þeir hafa gert á hverju ári frá 2009, og klínískt munnlegt próf með fjórum stöðvum í maí 2013. Rafræn log-bók sérnámslækna var tekin upp í lok árs. Helstu áherslur í rannsóknum geðlækna á sviðinu á árinu voru: Geðheilsa kvenna á meðgöngu og eftir barnsburð. Hugræn atferlismeðferð. Misnotkun metýlfenidatlyfja í æð meðal fíkla á Íslandi. Erfðaþættir og svipgerð geðklofa, geðhvarfa og annarra geðrofssjúkdóma og svipgerð tengd eintakabreytileika í erfðamenginu. Leiðir til að spá fyrir um virkni og aukaverkanir geðrofslyfja. Grunnrannsóknir á augnhreyfingum. Taugasálfræði geðklofa. Ritryndar greinar sem birtust á prenti voru 13, þar af 9 í erlendum tímaritum og fjórar í innlendum. Engilbert Sigurðsson er ritstjóri Læknablaðsins og birtust þar tvær ritstjórnargreinar eftir lækna sviðsins á árinu. Sigurður Páll Pálsson er ritstjóri Geðverndar. Læknar á sviðinu hlutu ásamt meðumsækjendum 5 styrki úr Vísindasjóði LSH auk þess sem Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands styrkti rannsóknir á hugrænni atferlismeðferð í hópum. Rannsóknir á virkni og aukaverkunum geðrofslyfjameðferðar eru styrktar með styrk úr sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins.

Hjúkrunarfræði

Í hjúkrun á geðsviði er lögð áhersla á heildræna sýn á einstaklinginn með styrkleika hans og færni að leiðarljósi. Menntun og rannsóknir hjúkrunarfræðinga beinast m.a. að því að efla stuðning við fjölskyldur og þróa árangursríkar aðferðir í hjúkrun sem stuðla að bata, endurhæfingu og heilsusamlegum lífsháttum. Í vor munu ellefu ungir hjúkrunarfræðingar útskrifast af starfsþróunarári. Einn geðhjúkrunarfræðingur var í doktorsnámi. Sjö hjúkrunarfræðingar á geðsviði stunduðu meistaranám og einn lauk meistaranámi. Á árinu birtust 3 greinar eftir hjúkrunarfræðinga, þar af tvær í erlendum ritryndum tímaritum. Þrír hjúkrunarfræðingar sátu í ritstjórn fagttímarita, tveir í erlendum og einn í innlendu. Í september var haldin fjölmenn norræn ráðstefna í geðhjúkrunarfræði “Breaking Barriers” í Hörpu þar sem fjöldi hjúkrunarfræðinga af geðsviði kom að skipulagningu og flutningi fyrirlestra. Einn hjúkrunarfræðingur flutti þess utan tvö erindi á ráðstefnum erlendis á árinu.

Sálfræði

Sálfræðingar á geðsviði sinna fjölbreyttum rannsóknum á sviði klínískrar sálfræði, réttarsálfræði, taugasálfræði og í öldrunarfræðum. Lögð er áhersla á að meta próffræðilega eiginleika sálfræðilegra matstækja og árangur sálfræðilegrar meðferðar. Rannsóknirnar spanna vitt svið, t.d. rannsóknir á kviða, þunglyndi, eðli og afleiðingum áfalla, afleiðingum heilaáverka, vitrænni getu, athyglisbresti/öfivirkni, einhverfu og erfðafræði þroskafrávika. Styrkir til rannsóknaverkefna sálfræðinga og samstarfsfólks þeirra og nemenda á árinu 2013 námu samtals 11,5 milljón króna. Á árinu birtu sálfræðingarnir 26 vísindagreinar með samstarfsfólki sínu í alþjóðlegum ritryndum vísindaritum, tvær greinar í íslenskum tímaritum, einn bókakafli og eina skýrslu. Í doktorsnámi voru sex sálfræðingar á geðsviði og tveir starfsmenn í meistara- og Cand. Psych námi. Árið 2013 leiðbeindu sálfræðingar á sviðinu átta doktorsnemunum, 16 meistara- og Cand. Psych nemum og 13 sálfræðinemunum í starfsþjálfun.

2013-2014	
2013	
MAÍ	Berglind Guðmundsdóttir ráðinn yfirsálfræðingur frá 1. maí Málþing og ársráð geðsviðs 8. maí Fundayfirferð framkvæmdastjóra um sviðið lýkur
JÚNÍ	Móttökugeðdeild 32C lokar vegna framkvæmda í rúmar 8 vikur Endurhæfing LR fær vatnsvél að gjöf frá Rótaryklúbnum Reykjavík-Austurbær Endurhæfing LR og World Class endurnýja samstarfssamning sem felur það m.a. í sér að World Class gefur þjónustuþegum LR líkamsræktarkort
JÚLÍ	Endurhæfingargeðdeild (5 daga deild) lokar í 5 vikur
ÁGÚST	Bráðageðdeild tekur til starfa 19. ágúst í mikið endurbættu húsnæði Heildarfjöldi rúma á geðsviði fækkar um sjö og eru 118 eftir opnun Bráðageðdeilda
SEPTEMBER	Söfnun á vegum “Á allra vörum” fyrir bráðageðdeild ýtt úr vör Norræn geðhjúkrunarfræðiráðstefna (Breaking Barriers) haldin í Hörpu Páll Matthíasson framkvæmdastjóri geðsviðs settur forstjóri Landspítala og María Einisdóttir mannauðsráðgjafi settur framkvæmdastjóri geðsviðs
OKTÓBER	Á allra vörum söfnun lýkur formlega. Afrakstur söfnunar er rúmar 40 milljónir króna
NÓVEMBER	Samningur gerður við Hreyfingu um aðgang að líkamsrækt fyrir meðlimi varnarteyma geðsviðs Sigríður Edda Hafberg leysir af sem mannauðsráðgjafi geðsviðs
DESEMBER	Erlendur Egilsson sálfræðingur og Guðrún Dóra Bjarnadóttir hljóta hvort um sig einnar milljónar króna styrk ungra vísindamanna á Landspítala til að stunda klínískar rannsóknir Meðalhití í Reykjavík -0,5 stig og jólni á sínum stað

2014	
JANÚAR	Bráðageðdeild lokuð að hluta í sex vikur vegna lokaframkvæmda Vísindadagur geðhjúkrunar 31. janúar 2014
FEBRÚAR	Bráðageðdeild fær 800 þúsund krónur með styrktartónleikum Caritas á Íslandi FMB teymið flytur í húsnæði á Skafti við Klepp - formleg opnun 21. febrúar 2014. Ágústa Björg Kristjánsdóttir ráðin skólastjóri Bataskólans Bataskólinn hefur formlega göngu sína 25. febrúar 2014
MARS	Fyrirlestrar um geðrofssjúkdóma, greiningu, meðferð og fyrstu skrefin til bata haldin 26. mars 2014 í troðfullum Hringal Starfsdagur stjórna haldinn, lykilverkefnið Bráðageðdeild útskrifað sem lykilverkefni og farið af stað með tvö ný lykilverkefni, Batastefnu og Teymisvinnu Páll Matthíasson fyrstur framkvæmdastjóri geðsviðs skipaður forstjóri Landspítala til fimm ára Kiwanismenn í Grimsey, Lionsklúbburinn Viðarr og Pylsugerðin færðu deildum við Hringbraut peningagjafir
APRÍL	Starfsmannafundur framkvæmdastjóra með starfsfólki geðsviðs haldnir á ellefu starfseiningum á tveimur vikum Vísindadagur félagsráðgjafa haldinn 4. apríl Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur fær hvatningarverðlaun velferðarráðs Reykjavíkur Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi tekur við formennnsku í Geðverndarfélagi Íslands af Eyðisi Sveinbjarnardóttur

Rekstur og starfsemistölur

Rekstur geðsviðs 1. jan 2013 - 31. desember 2013		
Tekjur		124.297
Launakostnaður		-3.332.845
Rekstrarkostnaður		-217.302
Samtals		-3.425.850
Fjárheimild		3.404.649
Rekstur yfir fjárheimild		-21.201
% yfir fjárheimild		0,6%

Tölur eru í þúsundum króna.

Komur og vitjanir á göngudeildir, samfélagsgeðteymi og bráðapjónustu geðsviðs		
Tímabilið 1. jan 2013 - 31. desember 2013		
	Á dag	Samtals
Göngudeild Hringbraut	43	10.610
Göngudeild fíknimeðferðar	28	6.937
Göngudeild Kleppi	28	7.046
Göngudeild átröskunar	6	1.431
Samfélagsgeðteymi	11	2.696
Bráðapjónusta geðsviðs	14	5.150
Samtals	129	33.870

Legudeildir geðsviðs				
Tímabilið 1. jan 2013 - 31. desember 2013				
	Fjöldi rúma	Meðallegu-tími*	Fjöldi dvala	Fjöldi einstaklinga
Móttökugeðdeildir				
32A	18	11	542	391
33C	16	10	555	418
Bráðageðdeild	10	8	291	235
Bráðageðdeild - bráðapláss	2	1	242	197
Fíknigeðdeild				
33A	15	7	627	493
Endurhæfingargeðdeildir				
Sérhæfð endurhæfingargeðdeild	10	84	68	45
Endurhæfingargeðdeild 7 daga	12	55	87	73
Endurhæfingargeðdeild 5 daga	11	33	59	50
Endurhæfing LR	7	101	30	24
Réttar- og öryggisgeðdeildir				
Öryggisgeðdeild	8	49	38	25
Réttargeðdeild	9		8	8
Geðsvið samtals	118			
Á árinu 2013 var 5.472 einstaklingum sinnt af starfseiningum geðsviðs				

Komur á dagdeildir geðsviðs		
Tímabilið 1. jan 2013 - 31. desember 2013		
	Á dag	Samtals
Dagdeild átröskunar	4	828
Dagdeild fíknimeðferðar (Teigur)	11	2.725
Dagdeild Hvítabandi	14	3.039
Dagdeildir aðrar legudeildir	2	551
Dagdeild endurhæfing LR	24	6.003
Iðjupjálfun	13	3.232
Samtals	68	16.378

Mannauður

Starfsfólk geðsviðs - 2013			
	Stöðugildi	Starfsmenn	Meðalaldur
SFR	146	185	39
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	92	119	48
Sjúkraliðafélag Íslands	42	46	50
Sálfræðingafélag Íslands	48	55	44
Félagsráðgjafafélag Íslands	40	45	47
Læknafélag Íslands	43	52	46
Iðjupjálfafélag Íslands	17	24	37
Fræðagarður og aðrir hásk.	13	17	41
Aðrir	6	9	52
Samtals á geðsviði	447	552	46
		KK	35%
		KVK	65%
	2013	2012	2011
Starfsmannavelta á geðsviði	13,7%	17,4%	13,0%
Fjarvistir vegna veikinda á geðsviði	6,8%	6,9%	7,5%

